

# GETA ÞÖRUNGAR STUÐLAÐ AÐ UNGLEGRI OG SLÉTTARI HÚÐ?

**Taramar húðvörurnar** innihalda efni úr þangi og lækningajurtum sem styrkja kollagenuppbyggingu húðarinnar, draga úr oxun og öldrun, auk þess sem þau mýkja og slétta húðina. Auk lífvirkra efna úr íslenskri náttúru innihalda vörurnar sérvalin peptíð og ensím sem koma af stað heilbrigðum efnaskiptum og styrkja tengingar á milli húðlaga þannig að húð sem er byrjuð að síga þéttist. Þau efla einnig kollagenbúskap húðarinnar sem dregur úr fínum línum og hrukkum og gefur húðinni fyllri og þéttari áferð.

**Taramar** vísindateymið hefur þróað nýjar aðferðir til að einangra lífvirk efni úr sjávarfangi og hjúpa það inn í náttúrulegar ferjur **(liposomes)** sem færa efnin inn í dýpri lög húðarinnar. Árangurinn kemur á óvart og getur valdið ómældri gleði!




## SKIPTIR MÁLI AÐ VELJA NÁTTÚRULEGAR VÖRUR

Leikkonan María Ellingsen er annáluð fyrir glæsileika og fallegt útlit. Hún byrjaði að nota Taramar vörurnar fyrir tveimur árum síðan og hefur gert allar götur síðan enda segist hún sjá mikinn mun á húðinni.

„Ég byrjaði að nota Taramar vörurnar fyrir tveimur árum síðan og ekki leið á löngu áður en húðin var orðin svo fín að ég þurfti ekki lengur að nota andlitsfarða dagsdaglega,“ segir María aðspurð um það hvenær og hvers vegna hún hafi skipt alfarið yfir í Taramar línuna. „Það er góð tilfinning að vita að í þessum kremum eru fá en sérvalin efni, öll holl og örugg fyrir líkamann. Ég nota alla línuna; serum og dagkrem á morgnana og hreinsiolíuna, serum og næturkrem á kvöldin.“

María segir það vissulega vera áskorun að hugsa vel um húðina þegar aldurinn færist yfir. „Ekki síst á þessum síðustu og verstu tímum þegar lífið er fullt af stressi og umhverfið fullt af mengun. Það getur nefnilega verið hægara sagt en gert að reyna að rata í gegnum þann frumskóg sem snyrtivörumarkaðurinn er og átta sig á hvað það er sem er í þessum kremum. Þess vegna er magnað að hitta hugsjónakonu eins og dr. Guðrúnu Marteinsdóttur hjá Taramar sem hefur gert það að sinni köllun að búa til krem sem er ekki bara áhrifaríkt heldur líka úr ómenguðum, náttúrulegum afurðum.“

María bætir því við að það skipti hana miklu að Taramar sé íslensk framleiðsla. „Þarna að baki er íslenskt hráefni og íslenskt kvenvit sem skiptir mig máli auk þess að vita að sjálfbærni og umhverfissjónarmið eru virt við framleiðsluna.“



### Taramar Day Treatment
**Dagkrem sem endurvekur húðfrumurnar**

**Taramar Day Treatment** er andoxandi, lífvirkt dagkrem sem er búið til úr íslenskum þörungum og heilnæmum, ferskum lækningajurtum. Virku efnin í dagkreminu endurvekja húðina, styrkja hana og slétta, stuðla að betri efnaskiptum, draga úr þrota og gefa henni heilbrigðari blæ. Kremið er einstakt að því leyti að það inniheldur náttúrulegar ferjur (liposomes) sem koma virku efnunum inn í dýpri lög húðarinnar. Það hefur létta áferð, gengur fljótt inn í húðina og hentar mjög vel undir farða.

### Taramar Serum
**Lífvirk blanda sem endurmótar húðina**

**Taramar Serum** er einstaklega hrein og virk vara úr íslenskum þörungum, lækningajurtum og peptíðum sem endurmótar og styrkir húðina. Það dregur úr fínum línum og hrukkum og þéttir áferð húðarinnar. Það vinnur á móti öldrun húðarinnar með því að styrkja kollagenræðina þannig að þeir verða beinni og jafnari. Serumið virkar einstaklega vel á fínar línur í kringum augun, en hefur einnig áhrif á stærri hrukkur og misfellur.

### Taramar Purifying Treatment
**Hreinsiolía úr þörungum sem þéttir húðina**

**Taramar Purifying Treatment** er nærandi og mjúk hreinsiolía sem hefur tvöfalda virkni, annars vegar með því að hreinsa húðina og hins vegar með því að þétta hana.
Virkni **Taramar Purifying Treatment** byggist á eiginleikum þörunga og lækningajurta sem draga úr þrota og oxun húðarinnar. Olían er sérlega góð fyrir viðkvæma húð.

Olíublandan í **Taramar Purifying Treatment** er mjög óvenjuleg og þó hún henti afar vel til að hreinsa húðina, þá eru andoxandi og þéttandi áhrif hennar ekki síðri. Þegar húðin eldist, veikist elastín-net hennar, en það er eggjahvítuefni sem heldur húðinni þéttri og sveigjanlegri.

Virkni **Taramar Purifying Treatment** felst fyrst og fremst í að styrkja elastín-kerfið og skapa þétta, frísklega, jafna og unglega húð. Einnig veitir olían vörn gegn sindurefnum með ákaflega öflugum andoxunarefnum sem koma úr Arctic complex© útdrættinum.

**Taramar Purifying Treatment** hreinsar húðina ákaflega vel án þess að valda ertingi. Það má því bera olíuna á augnsvæðið, jafnt hjá fullorðnum og börnum. Olían hreinsar og þéttir húðina og gefur henni frísklega áferð. Með því að nota hana einu sinni á dag í 30 daga verða miklar breytingar á húðinni og hún verður mýkri, stinnari, þéttari.

### Taramar Night Treatment
**Næturkrem sem byggir upp húðina**

**Taramar Night Treatment** er hlaðið öflugum lífvirkum efnum úr þörungum, peptíðum og lífrænt vottuðum hágæðaolíum. Kremið vinnu á meðan þú sefur og styrkir kollagenbúskap húðarinnar, byggir hana upp, eykur teygjanleikann og dregur úr hrukkum, svo að hún verður slétt og silkimjúk.

Með aldrinum losnar efra lag húðarinnar frá hinum húðlögunum svo að hún verður slöpp og jafnvel lafandi.

**Taramar Night Treatment** kremið inniheldur tvö peptíð sem vinna á móti þessari þróun og tengir lögin betur saman um leið og þau styrkja elastin-netið sem heldur húðinni þéttri og sléttri. Virkni næturkremsins er því bæði öflug og fjölþætt og auk þess að draga úr hvers kyns hrukkum og misfellum, nærir það húðfrumurnar, eykur raka húðarinnar og veitir henni vernd, einkum í köldu veðri. Árangurinn er ferskari, sléttari, þéttari og mýkri húð.

### Taramar Eye Treatment
**Augnkrem sem dregur úr fellingum, baugum og pokum**

**Taramar Eye Treatment** er sneisafullt af lífvirkum efnum úr íslenskum Kremið inniheldur einnig náttúrulegt efni úr alparós sem vex hátt uppi í hlíðum Alpanna. Það hefur undraverð áhrif, einkum á slappa og signa húð sem myndar fellingar, m.a. á augnlokunum og á hálsinum. Það inniheldur líka peptíð sem dregur úr vökvasöfnun og pokum undir augum.

**Taramar Eye Treatment** er sérlega virkt á húð sem er að byrja að slappast og mynda fellingar. Þannig má nota kremið á fleiri stöðum eins t.d. og í kringum munn og á hálsinn.

**Allar Taramar vörurnar vinna einstaklega vel saman, þannig er t.d. Serumið sérlega gott undir bæði dagkremið og næturkremið.**

**Skráðu þig í vildarklúbb Taramar á www.taramar.is og fáðu 5.000 króna inneign.**

